



Samningur ÍR og GottKort er á þann veg að ÍR fær tiltekna fjárhæð á hverju ári fyrir hvert kort sem selt er á vegum félagsins. Margir hafa séð GottKort auglýst en HVAÐ er GottKort?

GottKort er nýtt greiðslukort sem er öðruvísi en áður hefur sést hérlandis. Kortið er hægt að fá sem kreditkort eða plús/fyrirframgreitt kort en í báðum tilvikum er um að ræða greiðslukort sem gefur þér afslætti eða fríðindi sem ekki hafa sést áður tengt greiðslukorti.

Í grunninn er kortið alþjóðlegt MasterCard greiðslukort gefið út af Kreditkorti hf. og sem slíkt gildir það um allann heim. Þeir sem nota kortið hjá samstarfsaðilum GottKort geta nýtt sér þá afslætti sem eru í boði hverju sinni og þannig sparað tugi eða hundruðir þúsunda á hverju ári.

Ársgjaldið af GottKort er haft í lágmarki en það er kr. 7.500,- en U-23 kortin kosta kr. 5.000,-. Sama verð er greitt fyrir kreditkortið og greitt er fyrir plúskortið. Engin færslugjöld þarf að greiða með notkun plúskortsins. Kreditkort hf. fer með umsýslu og ráðgjöf vegna GottKort en GottKort ehf. sér um markaðsstarf og sölu.



Hægt er að sjá alla afslætti og fríðindi sem kortið býður uppá með því að skoða kortið nánar á eftirfarandi vefslóð: <http://gottkort.is/>

Með því að panta GottKort í gegnum ÍR færðu spennandi greiðslukort sem getur sparð þér töluverð útgjöld en um leið stutt við bakið á ÍR. Til þess að panta GottKort hafðu samband við Ingólf markaðsfulltrúa ÍR (ingolfur@ir.is / 587-7080)